

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness þriðjudaginn 12. júní 2018 í máli nr. E-851/2017:

María Ólafsdóttir

(Gísli Guðni Hall lögmaður)

gegn

Hafnarfjarðarbæ

og Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Ingvi Snær Einarsson lögmaður)

Mál þetta var þingfest 13. september 2017 og tekið til dóms 15. maí sl. Stefnandi er María Ólafsdóttir, Skálagerði 11, Reykjavík, en stefndu eru Hafnarfjarðarbær, Strandgötu 6, Hafnarfirði, og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., Kringlunni 5, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess í fyrsta lagi að viðurkennd verði skaðabótaskylda stefndu, þar af Sjóvár-Almennra trygginga hf. sem ábyrgðartryggjanda, vegna líkamstjóns, sem stefnandi hlaut í starfi sínu sem íþróttakennari hjá [...] í Hafnarfirði 23. janúar 2014. Stefnandi krefst þess í öðru lagi að stefndu verði dæmd óskipt til að greiða henni 125.409 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 13. september 2017 til greiðsludags. Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað að skaðlausu óskipt úr hendi stefndu samkvæmt mati réttarins og að við ákvörðun málskostnaðar verði gætt að skyldu stefnanda til að greiða virðisaukaskatt af þóknun lögmanns síns.

Af hálfu stefndu er krafist sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda.

I

Stefnandi er íþróttakennari að mennt og hefur til þess tilskilin réttindi samkvæmt lögum nr. 76/2008 um menntun og ráðningu skólastjórnenda og kennara við leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla. Á árinu 2012 hóf hún störf sem íþróttakennari hjá [...] sem er grunnskóli í Hafnarfirði og rekinn af bæjarfélaginu. Mál þetta er höfðað til viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna líkamstjóns er stefnandi varð fyrir í starfi sínu 23. janúar 2014 er nemandi á [...] aldursári, B, réðst á hana. Gagnvart stefnda Hafnarfjarðarbæ er á því byggt að hann beri ábyrgð á grundvelli sakarreglu og reglna skaðabótaréttar um vinnuveitandaábyrgð. Þar sem bæjarfélagið hafði í gildi ábyrgðartryggingu hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sé kröfunni einnig beint að félaginu.

Ekki er deilt um málsatvik. Stefnandi var 23. janúar 2014 ásamt öðrum íþróttakennara, R, með börn í [...]. bekk [...] í íþróttakennslu í íþróttahúsinu að [...] í Hafnarfirði. Hópnum var skipt upp og fór annar hópurinn í boltaleik í öðrum sal en

lagt var fyrir hinn hópinn, sem hafði verið fyrirferðamikill og ekki farið eftir fyrir mælum, að gera þrekæfingar. B var í þeim síðari sem R stjórnaði. Nemandinn hafði sagt að hann ætlaði ekki að gera æfingarnar og væri hann farinn. R kvaðst hafa skilið nemandann svo að hann væri að fara út úr húsinu en stuttu síðar hafi hann séð að hann hafði blandað sér í hinn hópinn. R ræddi við nemandann og sagði honum að hann hefði val um að gera þrekæfingar eða fara út úr húsinu. Nemandinn gekk þá áleiðis út og R fylgdi honum eftir. Skyndilega lamdi hann R í bringuna. R kvaðst þá hafa haldið höndum nemandans og fylgt honum áfram út úr húsinu. Stefnandi kom honum til aðstoðar. Á leiðinni fram á ganginn hafi nemandinn sparkað ítrekað í stefnanda og R. Eftir að hafa haldið nemandanum og róað hann báðu stefnandi og R hann um að tylla sér á borð. Þau töldu að þeim hefði tekist að róa nemandann og óróleiki hans væri um garð genginn. Stefnandi stóð fyrir framan nemandann og R til hliðar við hann. Skyndilega hafi nemandinn gripið með annarri hendi í peysu stefnanda og lamið hana í andlitið með hinni. Í beinu framhaldi hafi honum tekist að sparka í öxl og háls stefnanda. Stefnandi leitaði samdægurs til heilsugæslunnar í Efra-Breiðholti vegna áverka á hálsi og öxl. Stefnandi skráði atvikið samdægurs í atvikaskrá hjá [...].

Stefnandi segir að þessir áverkar hafi reynst varanlegir þrátt fyrir að stefnandi hafi lagt mikið á sig, m.a. með sjúkrapjálfun, til að fá sig góða. Fyrir liggja matsgerð S bæklunarskurðlæknis, þar sem varanleg læknisfræðileg örorka stefnanda sé metin til fimm stiga. Líkamstjón samkvæmt ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 hafi ekki verið til mats. Stefnandi hafi fengið greiddar bætur frá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. úr slysatryggingu launþega á grundvelli matsgerðarinnar. Að öðru leyti sé líkamstjón hennar óbætt fyrir utan sjúkrapjálfunarkostnað. Þar sem bótaskylda hafi ekki verið viðurkennd hafi stefnandi þurft að greiða fyrir lögmannsaðstoð í tengslum við slysatryggingaruppgjörið, samtals 125.409 krónur. Þá séu tímabundin veikindi, varanlegur miski og varanleg örorka óbætt með öllu. Stefnandi hafi alls ekki náð sér góðri eftir slysið. Hún hafi fengið ársleyfi frá störfum skólaárið 2016 til 2017. Er stutt var eftir af leyfinu hafi stefnandi séð að hún ætti ekki afturkvæmt vegna meiðslanna og hafi sagt starfi sínu lausu. Hún geti ekki starfað sem íþróttakennari vegna líkamlegrar áreynslu og álags sem fylgi starfinu. Hún eigi sérstaklega erfitt með sund.

Lögmaður stefnanda ritaði stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. ítarlegt bréf þar sem óskað var eftir afstöðu til skaðabótaskyldu Hafnarfjarðarbæjar. Í bréfinu var rökstutt að bærinn bæri skaðabótaskyldu á slysinu. Meginrökin væru að nemandinn hefði átt við þroska- og hegðunarvanda að stríða á því stigi að hann hefði þurft á að halda sérfræðipjónustu til að tryggja öryggi hans sjálfs, nemenda og

kennara. Stefndi hafnaði bótum á þeim grundvelli að engin gögn hefðu verið lögð fram því til sönnunar að drengurinn hefði þurft á umræddum stuðningi að halda. Afstaða félagsins var kærð til úrskurðarnefndar váttryggingamála sem úrskurðaði tryggingafélaginu í vil. Eftir að úrskurðurinn gekk leitaði stefnandi til kennarasambandsins þar sem hún sætti sig ekki við niðurstöðuna og telur hana byggða á röngum forsendum. Núverandi lögmaður stefnanda, fyrir milligöngu Kennarasambands Íslands, ritaði stefnda bréf 17. febrúar 2017 þar sem skorað var á stefnda Sjóvá-Almennar tryggingar hf. að endurskoða afstöðu sína til málsins en á það var ekki fallist.

II

Stefnandi sagði í skýrslu sinni fyrir dómi að hún hefði kennt B ípróttir í um eitt og hálf ár. Tíð afskipti voru höfð af honum enda hafi hann oft misst stjórn á skapi sínu í ípróttatímum. Hann hafi ekki haft stuðningsfulltrúa í ípróttatíma meðan hún kenndi honum. Það hafi ekki komið til fyrir en eftir árásina. Hún kvaðst ekki hafa fengið leiðbeiningar um hvernig ætti að umgangast nemandann. Árásin hafi gerst þannig að nemandinn hafi setið á borði og hún staðið fyrir framan hann. R, samkennari hennar, hafi þá talið að þeim hefði tekist að róa nemandann. Skyndilega hafi hann gripið í peysu hennar með annarri hendinni og slegið hana í höfuðið með hinni. Leiftursnöggt hafi honum tekist að sparka í háls hennar og öxl.

R sagði að þrír kennarar hafi í þetta skiptið verið að kenna um 80 börnum sem hafi verið skipt í hópa. B hafi verið uppálagt að gera þrekæfingar en hann hafi neitað því og sagst vera farinn. R sagðist hafa skilið það þannig að nemandinn væri farinn út úr húsinu. Stuttu síðar kvaðst R hafa farið í hinn salinn og þá séð nemandann þar. Hann kvaðst hafa kallað á hann og sagt honum að hann hefði val um að gera þrekæfingar eða fara út úr húsinu. Nemandinn hafi gengið með R áleiðis út en skyndilega hafi hann lamið R í bringuna. R kvaðst hafa haldið höndum nemandans og stefnandi komið honum til aðstoðar. R sagði að vandræði hefðu fylgt nemandanum alla skólagöngu hans og hann hafi orðið hættulegri eftir því sem hann varð eldri. Þegar hann var yngri, í [...] og [...] bekk, hafi stuðningsfulltrúi oftast fylgt honum í leikfímistíma. Því hafi verið hætt þegar hann komst á unglíngastig. Þá hafi að jafnaði verið fylgst með nemandanum í frímínútum, enda væri mest hætta á árekstrum nemandans við aðra nemendur í frímínútum og í ípróttatíma og sundtímum.

Í málinu hefur verið lögð fram dagbók nemandans fyrir tímabilið 22. ágúst 2006 til 27. október 2017. ... Sálfræðileg athugun fór fram á B þegar hann var átta ára. Eftir líkamsárás hans á stefnanda fór hann í sálfræðileg próf hjá S sálfræðingi í mars 2014.

III

Viðurkenningarkrafa stefnanda er byggð á sakarreglu skaðabótaréttarins. Stefnandi byggir á því að umræddur nemandi hafi átt við þroska- og hegðunarvanda að stríða á því stigi að hann hefði þurft á að halda sérfræðiþjónustu til að tryggja öryggi hans sjálfs, nemenda og kennara. Þessa þjónustu hafi [...] og eftir atvikum Hafnarfjarðarbæ borið að veita í framangreindu skyni. Máltilbúnaður tryggingafélagsins hafi byggst á sönnunarskorti, þ.e. að stefnandi hafi ekki getað sýnt fram á að nemandinn hafi þurft á umræddum stuðningi að halda. Stefnandi áréttar að gögn um nemandann séu sannanlega til í fórum skólans og Hafnarfjarðarbæjar. Sönnunarskort sé því eingöngu að rekja til þess að Hafnarfjarðarbær hafi ekki veitt upplýsingar sem hann búi yfir. Stefnanda sé kunnugt um og fullyrðir að nemandinn hafi notið sérstaks stuðnings alla sína skólagöngu upp í [...]. bekk (börn á [...] aldursári, [...] barnastigs), en er hann hafi farið yfir á unglíngastigið hafi þeim stuðningi verið hætt. Hann glími eftir sem áður við þroska- og hegðunarvandamál og hætta sem af honum stafi verði einfaldlega meiri eftir því sem hann verði stærri og sterkari. Í þessu sambandi sé lögð áhersla á að engin sérstök fagleg greining hafi legið því til grundvallar að stuðningnum var hætt en slík greining hefði verið nauðsynleg. Þá sé stefnanda kunnugt um að skráningar í Mentor- kerfi [...] bendi ekki til þess að ástæða hefði verið til að hætta umræddum stuðningi við nemandann er hann fluttist yfir á unglíngastigið. Sparnaðarástæður virðist líklegastar og við þær aðstæður sé eðlilegt að stefndi beri áhættuna af tjóni stefnanda.

Í 7. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla komi fram að við grunnskóla skuli vera skólastjóri, sem sé forstöðumaður grunnskóla, stjórnir honum, veiti faglega forystu og beri ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Stefnandi byggir á því að í ákvæðinu felist skylda skólastjóra til að gæta að öryggi nemenda og kennara þar sem kennsla fer fram. Þessi skylda felist einnig í 12. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. einnig 37. og 42. gr. sömu laga, og samkvæmt almennum óskráðum reglum. Stefnandi leggur áherslu á að undanfarin ár hafi aukið ofbeldi nemenda í skólum og harka í þeim efnum verið í opinberri umræðu sem skólastjórnendur hafa ekki farið varhluta af. Þeir eigi því að vera vel meðvitaðir um hættu sem fylgt geti nemendum með þroska- og hegðunarvandamál. Því megi gera ríkar kröfur til þeirra um að þeir láti fara fram sérfræðilegar greiningar og veiti stuðning eftir því sem við á sem lágmarkar hættu á atburðum sem þessum. Stefnandi vísar til 2. mgr. 17. gr. laganna en samkvæmt ákvæðinu eigi nemendur, sem eiga erfitt með nám sökum sértækra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika og/eða fötlunar, sbr. 2. gr. laga um málefni fatlaðs fólks, nemendur með leshömlun, langveikir nemendur og aðrir nemendur með heilsutengdar sérþarfir rétt á sérstökum stuðningi í námi í samræmi

við metnar sérþarfir. Í tilviki nemenda með þroska- og hegðunarvanda sé þessi stuðningur forsenda fyrir veru þeirra í almennum grunnskóla sem að meginreglu eigi að vera án aðgreiningar. Allt haldist þetta í hendur. Einnig vísar stefnandi til 40. gr. gunnskólalaga þar sem mælt sér fyrir um að sveitarfélag skuli tryggja að sérfræðiþjónusta sé veitt í grunnskólum, sbr. nánari ákvæði í reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum. Einnig vísist til reglugerðar nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, einkum 2., 4. og 6. gr. hennar. Í síðastnefndu greininni segir: „Skólastjóri skal hlutast til um að metið sé hvort í skólanum séu nemendur sem þurfa á sérstökum stuðningi í námi að halda. Jafnframt ber skólastjóri ábyrgð á því að brugðist verði við skjótt í samræmi við metnar sérþarfir og einnig stöðu nemenda að öðru leyti eftir því sem tilefni gefst til.“ Stefnandi byggir á því að athafnaskyldur, sem fram komi í laga- og reglugerðarákvæðum sem hér hefur verið vitnað til, hafi átt við um stefnda og að þær hafi verið vanræktar. Stefnda hafi borið að hlutast til um að viðeigandi ráðstafanir, svo sem sérfræðileg greining, sálfræðimeðferð, stuðningur og eftirlit eða jafnvel annað skólaúrræði, yrðu gerðar til þess að koma í veg fyrir að nemandinn myndi valda kennurum eða öðrum nemendum tjóni.

Hafnarfjarðarbær, sem rekstraraðili [...], beri því skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda á grundvelli meginreglna skaðabótaréttarins, þ.e. sakarreglunnar og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Um líkamstjón stefnanda og orsakatengsl milli þess og tjónsatburðarins vísar stefnandi til málavaxtalýsingar og matsgerðar S.

Til vara, verði ekki fallist á bótaábyrgð á grundvelli sakar, vísar stefnandi til sakarlíkindareglu og hlutlægrar ábyrgðarreglu þess efnis að eðlilegt sé að vinnuveitandi beri ábyrgð á atburðum eins og hér um ræðir jafnvel þótt ekki sé sýnt fram á beina sök. Bent er á í því sambandi að á skólayfirvöldum hvíli rík skylda til að gæta að vinnuástöðu nemenda og kennara, m.a. að tryggja öryggi þeirra gagnvart nemendum með hegðunar- og þroskavandamál, jafnvel ofbeldishneigð. Þetta sé kostnaðarsamt og áhættuþátturinn er þekktur. Fyrir hendi sé ákveðin tilhneiging yfirvalda til að spara sér þennan kostnað eins og unnt sé, sem við atburð eins og þennan bitni á brotþola. Bæði sé sanngjarnt og eðlilegt að skólinn beri áhættu af atburðum sem þessum fremur en kennari sem fyrir tjóni verður. Megi vísa til fyrirmynda í 30. gr. lögreglulaga um að ríkissjóður skuli bæta lögreglumönnum líkams- og munatjón sem þeir verði fyrir vegna starfs síns, 172. gr. siglingalaga nr. 34/1985 um sams konar hlutlæga ábyrgð útgerða á líkamstjóni skipverja, og ákvæða í kjarasamningum umönnunarstétta, t.d. sjúkraliða, þar sem ákvæði eru um rétt þeirra til að fá allt líkamstjón sitt bætt úr hendi vinnuveitanda verði þeir fyrir

líkamsárás af hálfu sjúklings sem er ósjálfráður gerða sinna. Stefnandi telur að samsvarandi rök eigi við í hennar tilviki.

Til viðbótar viðurkenningarkröfunni gerir stefnandi kröfu á hendur stefndu um greiðslu á 125.409 krónum sem sé kostnaður við lögmannsaðstoð í tengslum við slysatryggingaruppgjörið. Krafa sé byggð á sama bótagrundvelli og viðurkenningarkrafa og falli undir annað fjártjón í skilningi 1. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en enn fremur vísist til almennra reglna skaðabótaréttar um rétt tjónþola til að fá allt fjártjón sitt bætt að uppfylltum bótaskilyrðum.

Dráttarvaxtakrafa sé gerð með stoð í ákvæðum III. og IV. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafa sé reist á 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Sýknukröfu sína byggja stefndu á því að það sé ósannað að líkamstjón stefnanda sé að rekja til saknæmrar og ólögmetrar háttsemi stefnda Hafnarfjarðarbæjar eða starfsmanna hans eins og stefnandi haldi fram. Þá hafna stefndu því að meint ábyrgð stefnda Hafnarfjarðarbæjar verði byggð á sakarlíkindareglu ellegar hlutlægri ábyrgð.

Stefnandi beri sönnunarbyrðina fyrir orsök tjóns síns og er því mótmælt að hún hafi sannað að tjónið megi rekja til atvika sem stefndi Hafnarfjarðarbær skuli bera skaðabótaábyrgð á að lögum og verði felld undir ábyrgðartryggingu hans hjá stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. Um slíka ábyrgð fari samkvæmt sakarreglu skaðabótaréttar ásamt reglunni um vinnuveitendaábyrgð. Stefndu byggja á því að það sé ósannað að slys stefnanda sé að rekja til atvika sem stefndi Hafnarfjarðarbær eða starfsmenn hans beri skaðabótaábyrgð á að lögum. Þannig telja stefndu ósannað að líkamstjón stefnanda verði rakið til vanrækslu á skyldum sem á Hafnarfjarðarbæ hvíli samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum og lögum nr. 91/2008 um grunnskóla ellegar reglugerðum settum á grundvelli þeirra laga.

Að mati stefndu sé ljóst að sveitarfélög beri ekki skaðabótaábyrgð vegna háttsemi nemenda í almennum grunnskólum eins og [...]. Almennt sé því gengið út frá því að grunnskólabörn séu ekki hættuleg kennurum eða starfslíði grunnskóla, jafnvel þótt sum eigi við erfiðleika að stríða. Þá þurfi sveitarfélög ekki að reikna með því að nauðsynlegt sé að vernda kennara sérstaklega þótt einstakir nemendur eigi við hegðunarvanda að stríða. Því sé þannig mótmælt að umræddur nemandi hafi þurft sérstakan stuðning í námi sínu við [...] líkt og stefnandi haldi fram. Jafnvel þótt talið yrði sannað að nemandinn hafi þurft stuðningsfulltrúa telja stefndu fulljóst að slíkur stuðningsfulltrúi hefði ekki getað komið í veg fyrir árás nemandans á stefnanda umrætt sinn. Hafi stefnandi sjálf lýst því að sú árás hafi

verið fyrirvaralaus og hafi annar íþróttakennari sem stóð til hliðar við nemandann ekki getað varnað henni.

Fyrst beri að geta þess að við upphaf skólagöngu hafi umræddur nemandi verið greindur með athyglisbrest og ofvirkni og hafi hann því fengið sérstaka kennslu og þjálfun. Nemandinn hafi þá notið stuðnings stuðningsfulltrúa sem hafi komið inn í bekkinn og unnið einnig með öðrum nemendum sem glímdu við sambærilega erfiðleika. Markmiðið með slíkum stuðningi sé einkum að aðstoða nemendur í daglegum athöfnum og virkri þátttöku í skólastarfinu en einnig að auka færni og sjálfstæði þeirra og draga þannig úr þörf þeirra á slíkum stuðningi. Um skamman tíma hafi nemandinn verið fluttur í [...], sem sé tímabundið úrræði, og þar hafi honum verið lýst sem hvatvísun, hann gæti misst sig í mótþróa og átti það til að taka út reiðisköst. Einnig hafi hann verið sagður stríðinn og talið æskilegt að fylgjast með hegðun hans í frímínútum og í öðru samspili við jafnaldra sína.

Stefndu mótmæla þeim fullyrðingum stefnanda að af nemandanum hafi stafað sérstök hættu. Þá er því mótmælt að stuðningi við nemandann hafi verið hætt án þess að greining lægi fyrir eða að ástæður þess væri sparnaður. Hið rétta sé að í samræmi við markmið með sérstökum stuðningi þá hafi verið dregið úr honum þegar nemandinn fór yfir á unglíngastig meðal annars vegna þess að námsleg geta hans var innan vikmarka þrátt fyrir þá erfiðleika sem hann glímdu við auk þess sem hann hafði sýnt aukna færni og sjálfstæði. Önnur úrræði hafi einnig verið til staðar á unglíngastiginu svo sem svokallað námsver þar sem nemendur með námsferfiðleika leituðu og fengu aðstoð. Aðrar breytingar sem verði á unglíngastigi felist einnig í því að nemendur séu ekki lengur í sérstökum frímínútum og því ekki sömu þarfir fyrir eftirfylgni eða stuðning þar sem slíkur frítími falli út. Þá liggja fyrir að nemandinn hafði stundað nám á unglíngastiginu í þrjár annir án þess að stuðningsfulltrúi hafi verið til staðar áður en árásin gagnvart stefnanda átti sér stað. Á þeim tíma hafi verið fylgst sérstaklega vel með nemandanum og hafi ekki verið talið að hegðun hans á þessum tíma gæfi skólastjórnendum [...] tilefni til að ætla að nemandinn myndi bregðast við með ofbeldi gagnvart kennurum.

Stefndu mótmæla því að skólastjórnendur eða annað starfsfólk [...] hafi með einhverjum hætti vanrækt skyldur sínar gagnvart umræddum nemanda. Hið rétta sé að starfsmenn [...] hafi veitt honum viðeigandi stuðning, aðstoð og þjónustu með hliðsjón af aldri hans og þroska hverju sinni. Hafi skólastjórnendur og starfsfólk uppfyllt þær skyldur sem felist í ákvæðum grunnskólalaga nr. 91/2008, meðal annars í samræmi við markmiðsákvæði 2. gr. laganna og skyldu til að tryggja nemandanum kennslu við sitt hæfi í hvetjandi námsumhverfi og viðeigandi húsnæði þar sem tekið sé mið af þörfum hans, sbr. ákvæði 13. gr. þeirra. Stefndu mótmæla hins vegar þeim skilningi stefnanda að ákvæði 7. gr. grunnskólalaga nr.

91/2008 og ákvæði laga nr. 46/1980 feli í sér skyldu fyrir skólastjóra til að gæta að öryggi nemenda og kennara þar sem kennsla fer fram. Svo viðtækar ályktanir verði ekki dregnar af ákvæðum þeirra laga þannig að skólastjórnendur [...] teljist hafa sýnt af sér sagnæma háttsemi þegar nemandinn réðst fyrirvaralaust á stefnanda umrætt sinn. Hér sé um að ræða almenn ákvæði sem snúi að því að aðbúnaður í skólabyggingum skuli vera viðunandi en stefnandi hefur ekki sýnt fram á vanrækslu stefndu að því leyti.

Stefndu telja einnig að uppfylltar hafi verið skyldur þær sem raktar eru í grunnskólalögum og í reglugerð nr. 585/2010 að því er varðar nemendur með sérþarfir. Hafi nemandanum verið veittur stuðningur og úrræði sem hæfðu aldri hans og þroska hverju sinni, sbr. meðal annars ákvæði 17. og 40. gr. grunnskólalaga og reglugerðar nr. 585/2010. Er því þannig mótmælt að skólastjórnendur [...] hafi vanrækt að gera viðeigandi ráðstafanir varðandi þennan tiltekna nemanda líkt og haldið sé fram í stefnu. Þvert á móti hafi verið gerðar viðeigandi ráðstafanir varðandi umræddan nemanda eins og á þurfti að halda hverju sinni, s.s. með sérfræðilegum greiningum og sérstökum stuðningi. Hins vegar hafi slíkar greiningar ekki gefið tilefni til að ætla að nemandinn myndi beita kennara eða samnemendur ofbeldi líkt og hafi gerst fyrirvaralaust þann 23. janúar 2014. Athyglisbrestur og ofvirkni ásamt hvatvísri hegðun hafi ekki gefið til kynna að nemandinn væri árásargjarn eða ofbeldishneigður. Eftir að atvikið gagnvart stefnanda átti sér stað hafi starfsmenn [...] hins vegar unnið markvisst að því að tryggja að slíkt atvik myndu ekki endurtaka sig, s.s. með sálfræðigreiningu, fundum og verklagsreglum.

Stefndu benda á að nemandinn sem um ræðir verði ekki talinn hafa verið ábyrgðarlaus gerða sinna umrætt sinn. Hann hafi þannig hvorki verið stjórnlaus á geði ellegar talinn óábyrgur gerða sinna af öðrum ástæðum. Að mati stefndu sé þannig ekkert því til fyrirstöðu að nemandinn sjálfur kunni að bera skaðabótaábyrgð á háttsemi sinni umrætt sinn. Í þessu sambandi vísist einnig til ákvæðis 4. gr. reglugerðar 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar komi meðal annars fram að nemendur beri ábyrgð á háttsemi sinni og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla.

Stefndu mótmæla þeim málsástæðum í stefnu um að stefndu verði talin bera ábyrgð á líkamstjóni stefnanda á grundvelli sakarlíkindareglu eða reglu um hlutlæga ábyrgð. Hvorug reglan verði talin eiga við að mati stefndu, enda standi engin rök til þess að sönnunarbyrði sé snúið við auk þess sem ekki sé fyrir hendi lagastoð fyrir því að láta stefndu bera ábyrgð á líkamstjóni stefnanda án þess að sýnt sé fram á sök. Upplýsingar og gögn, sem hafi legið fyrir um umræddan nemanda, hafi ekki gefið stefnda Hafnarfjarðarbæ neitt tilefni til að ætla að

nemandinn myndi beita kennara eða samnemendur ofbeldi með þeim hætti sem varð. Stefndi Hafnarfjarðarbær hafi því ekki getað séð slíkt fyrir auk þess sem ekki verði séð hvernig stuðningsfulltrúi, hefði hann verið til staðar, hefði átt að varna árás nemandans þegar litið sé almennt til hlutverks og starfslýsingar slíkra stuðningsfulltrúa. Þá beri að ítreka að þegar árásin var gerð hafi annar íþróttakennari verið viðstaddur sem hafi ekki getað varnað hinni fyrirvaralausú árás. Það hvíli því alfarið á stefnanda að sýna fram á að stefndu verði talin hafa borið skaðabótaábyrgð á háttsemi umrædds nemanda. Þá er því mótmælt að ákvæði í lögreglulögum eða siglingalögum um hlutlæga ábyrgð verði heimfærð á starfsemi stefndu eða skólastjórnaða við [...].

Stefndu mótmæla því að stefndu verði látin bera ábyrgð á lögmannskostnaði að fjárhæð 125.409 krónur. Sé um að ræða kostnað sem teljist hluti málskostnaðar og teljist stefnandi því ekki eiga lögvarða kröfu á hendur stefndu að þessu leyti til hliðar við viðurkenningarkröfu í málinu, sbr. g-liður 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Að lokum hafna stefndu kröfum stefnanda um dráttarvexti á fjárkröfu sína. Annars vegar eigi dráttarvextir á lögmannskostnað ekki rétt á sér með vísan til þess sem áður er rakið um að ekki sé um lögvarða kröfu að ræða.

Ef ekki verður fallist á aðalkröfu stefndu byggja þeir til vara á því að tjón stefnanda sé að mestu leyti að rekja til athafna sem stefndu verður ekki kennt um. Stefnandi geti þannig ekki borið ábyrgð á líkamstjóni stefnanda nema að hluta til. Vísist að öðru leyti eftir atvikum til umfjöllunar um aðalkröfu til stuðnings þess að varakrafa stefndu skuli ná fram að ganga.

Um lagarök vísa stefndu einkum til reglna skaðabótaréttar um sönnun tjóns og sönnunarbyrði, reglunnar um vinnuveitendaábyrgð auk skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. lög nr. 37/1999. Þá vísa stefndu til ákvæða grunnskólalaga nr. 91/2008 og reglugerða sem settar hafa verið á grundvelli þeirra laga. Einnig vísa stefndu til ákvæða laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Málskostnaðarkrafa stefndu er byggð á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

V

Stefnandi slasaðist við vinnu sína sem íþróttakennari við [...] í Hafnarfirði 23. janúar 2014 en þá varð hún fyrir líkamsárás eins nemanda. Ekki er deilt um málsatvik. Stefnandi var í umrætt sinn ásamt tveimur öðrum íþróttakennurum með nemendur í tíma í íþróttahúsinu að [...] í Hafnarfirði. Ókyrrð hafði verið meðal nemanda og var hópnum skipt upp í tvo hópa. Öðrum hópnum, sem hafði verið fyrirferðarmeiri, var falið að gera þrekæfingar og var nemandinn B einn af þeim. R íþróttakennari stjórnaði þeim hóp. Nemandinn neitaði að gera þrekæfingar og sagðist vera farinn. R skildi hann þannig að nemandinn væri að fara heim til sín en

stuttu síðar sá R að nemandinn hafði blandað sér í hinn hópinn sem var í boltaleik. Hann kallaði til nemandans og sagði honum að hann hefði val um að gera þrekæfingar eða fara út úr húsinu. Hafi nemandinn gengið áleiðis með R út en skyndilega hafi hann lamið R í brjóstið. R kvaðst þá hafa haldið í hendur nemandans og leitt hann út. Stefnandi hafi komið honum til aðstoðar. Þeim hafi tekist að róa nemandann að þau töldu og fengið hann til þess að tylla sér á borð. Stefnandi hafi staðið fyrir framan nemandann en R til hliðar við hann. Skyndilega hafi nemandinn gripið með annarri hendi í peysu stefnanda og lamið hana í andlitið með hinni. Leiftursnöggt hafi honum tekist að sparka í öxl og háls stefnanda. Hún fór í yfir 100 tíma hjá sjúkrabjálfa á þess að fá bót meina sinna. Með matsgerð S læknis var varanleg læknisfræðileg örorka hennar metin 5% vegna líkamsárásarinnar.

Stefnandi byggir viðurkenningarkröfu sína á sakareglu skaðabótaréttarins. Byggt er á að umræddur nemandi hafi átt við þroska- og hegðunarvandamál að stríða á því stigi að hann hafi þurft á að halda sérfræðiþjónustu til að tryggja öryggi hans sjálfs, nemenda og kennara. Þessa þjónustu hafi skólanum borið að veita. Hann hafi notið sérstaks stuðnings á barnastigi en þeim stuðningi hafi verið hætt er hann fór yfir á unglingsstigið. Af honum hafi stafað hætta. Krafan á hendur stefnda Hafnarfjarðarbæ er byggð á reglunni um vinnuveitandaábyrgð. Varakröfu sína byggir stefnandi á sakalíkindareglu og hlutlægru ábyrgðarreglu.

Í málinu hafa verið lögð fram gögn um heilsufar nemandans og hegðunarvanda hans. Þegar hann var átta ára fór fram á vegum Barna- og unglingsgeðdeildar LSH sálfræðiathugun um mat á vitsmunabroska hans. Af hálfu [...] hefur verið haldin dagbók um nemandann frá 22. ágúst 2006 til 27. október 2017. Efni dagbókarfærslna er varðar ofbeldishneigð nemandans er rakið hér að framan. Kemur þar m.a. fram að hann fékk oft reiðiköst og þá klóraði hann, beit, lamdi og sparkaði í samnemendur og kennara. Hann kastaði grjóti að nemendum, hrækti á þá og kastaði til borðum og stólum. Er hann var [...] lamdi hann annan nemanda með badmintonspaða þannig að spaðinn brotnaði. Eftir atvikið 23. janúar 2014, er nemandinn var að verða [...] ára, eru sjö færslur um ofbeldisfulla hegðun nemandans, þ. á m. var hnífur tekinn af honum í skólanum í eitt skipti. Af þessum færslum í dagbók nemandans má ráða að hegðunarvandi hans og ofbeldi tengdist aðallega íþróttá- og sundkennslu svo og frímínútum. Ef hann taldi á sig hallað í íþróttum eða leik átti hann erfitt með að hemja reiði sína. Samkvæmt framburði R, íþróttakennara nemandans, fylgdi stuðningsfulltrúi nemandanum að jafnaði í íþróttatímum meðan hann var á barnaskólastigi. Því var hins vegar hætt á unglingsstigi. Eftir líkamsárásina 23. janúar 2014 var stuðningsfulltrúi fenginn til að fylgjast með nemandanum í íþróttatímum.

Í 7. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla kemur fram að við grunnskólann skuli vera skólastjóri sem er forstöðumaður grunnskóla, stjórnar honum, veiti faglega forystu og beri ábyrgð á starfi skólans gagnvart sveitarstjórn. Í þessu ákvæði felst skylda skólastjóra til að gæta að öryggi nemenda og kennara þar sem kennsla fer fram. Í 3. mgr. 14. gr. laganna er kveðið á um hvernig með skuli fara ef hegðun nemanda reynist verulega áfátt, m.a. með aðstoð sérfróðra ráðgjafa, sbr. einnig 2. mgr. 40. gr. Fyrir liggur að slíkra ráða var leitað er nemandinn var [...] ára en ekki aftur fyrir en eftir líkamsárásina en þá var nemandinn að verða [...] ára. Í 2. mgr. 17. gr. grunnskólalaga er kveðið á um að nemandi með sérþarfir eigi rétt á stuðningi í samræmi við metnar sérþarfir. Nægilega er sannað í málinu að nemandinn naut ekki stuðnings í íþróttatímum eftir að hann komst á unglíngastig þrátt fyrir margítrekuð hegðunarbrot og ofbeldi gagnvart samnemendum og kennurum. Ákvæði um skyldu til þess að gæta að öryggi á vinnustað er einnig að finna í 37. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Þá er í reglugerð nr. 1040/2011 um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum kveðið nánar á um til hvaða úrræða sé unnt að grípa vegna óæskilegrar hegðunar nemenda, sbr. 11. og 12. gr., sbr. einnig reglugerð nr. 585/2010 um nemendur með sérþarfir, einkum 6. gr., og reglugerð nr. 584/2010 um sérfræðipjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla og nemendaverndarráð í grunnskólum.

Samkvæmt framansögðu var af hálfu skólans skráður fjöldi tilvika um alvarlegan hegðunarbrot og ofbeldishneigð nemandans alla hans skólagöngu. Þrátt fyrir það var umsjón og eftirliti hætt með drengnum í íþróttatímum er hann var kominn á unglingsaldur án þess að sérfræðigögn hafi legið fyrir um vandamál hans og þrátt fyrir að ljóst hafi verið að hann gat orðið hættulegri kennurum og nemendum eftir því sem hann varð eldri eins og síðar kom á daginn. Ekkert í fari drengsins gaf tilefni til þess að hætta stuðningi við hann í íþróttatímum. Greining á vanda hans fór fram er hann hóf skólagöngu en ekki aftur fyrir en eftir að hann réðst að stefnanda. Atvikaskráning í Mentor-kerfi skólans er hins vegar sönnun þess að drengurinn glímdi við sömu vandamál og áður og að þau fóru vaxandi. Í ljósi þess verður talið að eftirliti skólans hafi verið ábótavant og að starfsmenn [...] hafi í umrætt sinn vanrækt umsjónarskyldu sína með drengnum með þeim hætti að til bótaskyldu leiði. Stefndi Hafnarfjarðarbær ber því sem rekstraraðili skólans skaðabótaábyrgð á líkamstjóni stefnanda á grundvelli meginreglu skaðabótaréttarins og reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Viðurkenningarkrafa stefnanda verður því tekin til greina á hendur stefnda Hafnarfjarðarbæ og á hendur stefnda Sjóvá-Almennum tryggingum hf. sem ábyrgðartryggjanda.

Fjárfkrafa stefnanda að fjárhæð 125.409 krónur er vegna útlagðs kostnaðar stefnanda samkvæmt reikningi vegna þjónustu lögmanns, annars lögmanns en nú fer með málið, í tengslum við slysatryggingaruppgjör vegna líkamstjónsins. Þessi krafa er byggð á sama bótagrundvelli og viðurkenningarkrafan og eru ekki efni til annars en að taka hana til greina. Þá verður fallist á með stefnanda að krafan beri dráttarvexti eins og krafist er í dómkröfum stefnanda.

Niðurstaða málsins er því sú að alfarið er fallist á kröfu stefnanda í málinu og eftir þeim úrslitum verða stefndu dæmd til að greiða stefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 1.350.000 krónur og hefur þá ekki verið tekið tillit til reglna um virðisaukaskatt.

Gunnar Aðalsteinsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð

Viðurkennd er skaðabótaskylda stefndu, Hafnarfjarðarbæjar og Sjóváralmennra trygginga hf., vegna líkamstjóns sem stefnandi hlaut í starfi sínu sem íþróttakennari hjá [...] í Hafnarfirði 23. janúar 2014.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 125.409 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 frá 13. september 2017 til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnanda óskipt 1.350.000 krónur í málskostnað.

Gunnar Aðalsteinsson